

Nr. 458

29. apríl 2009

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi fyrir menningar- og þjónustustarfsemi
í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar, Fljótsdalshreppi.**

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti þann 14. apríl 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar, Fljótsdalshreppi. Breytingin tekur aðallega til afmörkunar lóðar undir Gestastofu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og minniháttar breytinga á byggingareit vegna staðsetningar á verkfærageymslu. Afmörkun heimasvæðis Skriðuklausturs, land sem Gunnarsstofnun hefur afnot af, breytist lítillega sem og aðkoma að svæðinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlagi nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Végarði, 29. apríl 2009.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2009